



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS
DELTA KAPPA GAMMA

Janúar 2013.

Sharing our Vision – Strengthening Our Society.
Frá orðum til athafna.

Kæru formenn deilda.

Gleðilegt ár og kærar þakkir fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Biskup Íslands frú Agnes Sigurðardóttir sendi jóla- og nýárskveðjur til félagskvenna, en þess má geta að fyrir hönd DKG á Íslandi sendi ég árnaðaróskir til hennar, þegar hún var sett inn í biskupsembættið.

Það var gleðileg frétt fyrir okkur, að forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, veitti einni félagskonu Ingibjörgu Einarsdóttur Gamma deild heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu, við hátíðlega athöfn á nýársdag. Stjórn landssambandsins óskar Ingibjörgu innilega til hamingju með heiðurinn.

Á nýju ári brettum við upp ermar og hefjum nýtt ár margvíslegra tækifæra innan okkar samtaka.

Flestar deildir hafa nú þegar haldið sinn fyrsta fund á árinu og allar deildir eru að undirbúa inntöku, nýrra félaga. Það er ánægjulegt að vita og sýnir, að innan okkar raða ríkir einhugur um að Delta Kappa Gamma sé vettvangur sem veitir konum stuðning til góðra verka innan mennta og menningarmálageirans.

Nokkur mikilvæg atriði til umhugsunar á næstunni.

Styrkir innlendir og erlendir.

Umsóknarfrestur um erlenda námsstyrki rennur út 1. febrúar.

Í nóvemberbréfi mínu, fór ég yfir styrkina. Eygló vefstjóri hefur verið iðin við að minna konur á styrki á netsíðu okkar og nú er kynntur til sögunnar Lucile Cornetet styrkur sem veittur er af DKG Educational Foundation, sjá nánar á netsíðunni. Umsóknarfrestur rennur út 6. febrúar.

Námsstyrkjanefnd hefur einnig sett á netið auglýsingu um innlenda styrkinn sem veittur er annað hvert ár á aðalfundi. Umsóknarfrestur er til 1. mars.

Allar upplýsingar um hann er að finna á netsíðunni undir valmyndinni “Íslenski námsstyrkjasjóðurinn”.

Ársskýrslur 2012.

Eyðublöð voru send út frá höfuðstöðvunum í Austin í byrjun vetrar, einnig má finna þau á netsíðu alþjóðasamtakanna undir “forms”. Þið fenguð send tvö blöð, númer 2 og 8. Númer 2 á að senda til formanns félaga- og

útbreiðslunefndar Elínborgar Sigurðardóttur elinborg@skolasud.is Epsilon deild og númer 8 til mín siggaragna@gmail.com . Þið getið sent eyðublöðin rafrænt. Þið megið fylla þau út á íslensku. Ykkar skýrslur eru varðveittar með skjölum forseta. Ég tek síðan saman eina skýrslu og sendi til alþjóðasamtakanna og þarf að skila henni fyrir 1. mars. Því bið ég ykkur að ganga frá þessu fyrir 1. febrúar.

Breytingatillögur við reglugerð.

Minni á að 5. febrúar er síðasti dagur til að skila inn breytingatillögum við reglugerðina til formanns Iaganefndar Auðar Torfadóttur audurtorfa@gmail.com og stjórnar landssambandsins.

Aðalfundur landssambandsins 04. maí.

Aðalfundurinn verður haldinn að Hótel Heklu á Skeiðum. Epsilon deildin valdi þá frábæru staðsetningu og mun sjá um undirbúning fundarins.

Dagskrá aðalfundarins er að vanda í höndum menntamálanefndar og vinnur menntamálanefnd og Epsilon deild að uppsetningu þingsins ásamt stjórn landssambandsins.

Tveir erlendir gestir verða viðstaddir.

Dr. Margaret Trybus kemur sem alþjóðlegur ræðumaður (International Speaker) og Dr. Lyn Babb Schmid annar varaforseti (Second Vice-President) alþjóðasamtakanna kemur sem fulltrúi alþjóðasamtakanna.

Dagsskráin verður birt að loknum fundi stjórnar landssambandsins um miðjan febrúar.

Það skiptir máli fyrir samtökin að fjölmenna á aðalfundinn og bið ég ykkur ágætu formenn að gera ykkar konum grein fyrir því. Það er gaman að hittast eina helgi vera saman, spjalla og kynnst störfum kvenna í öðrum deildum. Ég skrapp austur fyrir fjall í vettvangskönnun ásamt þrautreyndum DKG konum, Sigrúnu Klöru Hannesdóttur og Sjöfn Sigurbjörnsdóttur og fengum við að skoða herbergi, fundaraðstöðu og veitingasalinn. Allt saman mjög huggulegt og fínt, þarna er heitur pottur og öll aðstaða til útvistar og slökunar. Það ætti ekki að væsa um okkur. Hótelið er rómað fyrir góðan mat. Kíkið á netið.

Þing Evrópusambandsins verður haldið í Amsterdam 7. – 10. ágúst.

Allar upplýsingar um það má finna á netsíðu hollensku samtakanna. Það væri gaman að fjölmenna þangað. Við fórum 19 konur á síðasta Evrópuþing í Baden-Baden og ættum að fjölmenna aftur núna. Það skiptir máli að vera þátttakendur í erlendu þingunum og kynnst alþjóðasamstarfinu. Kynnið þetta vel fyrir ykkar konum á næsta fundi.

Stjörnunámskeið DKG með Sigrúnu Jóhannesdóttur.

Látið ekki tilboðið gangan ykkur úr greipum að fá Sigrúnu á fund til ykkar. Hún er tilbúin að koma á fund. Leiðtoganámskeiðin geta verið allt frá tveimur tímum, allt eftir ykkar óskum.

Hafið samband við Sigrúnu sem allra fyrst. Sigrun@frae.is Delta deild.

Tilgangurinn er að efla konur til árangurs í félaginu, auka sjálfstraust til að taka að sér mismunandi verkefni jafnt innan DKG sem utan.

Næsti stjórnarfundur landssambandsins verður haldinn 12. febrúar og þar verður farið yfir starfið framundan.

Netið og fréttabréfið.

Formenn, minnið ykkar konur á að skrá sig á póstlistann, það munar miklu að fá allar fréttir frá ritnefnd og netstjóra sendan beint í eigin póst.

Einnig hvet ég ykkur til að senda allar fréttir frá deildunum til ritstjórans Láru Guðmundsdóttur Þeta deild larag@ismennt.is og netstjórans Eyglóar Björnsdóttur eyglob@unak.is

Stjórn landssambandsins leggur áherslu á að vera í góðu sambandi við deildirnar. Við leggjum áherslu á að þið nýtið ykkur netsamskiptin eins vel og hægt er og leggið áherslu á þau við ykkar deildarkonur á öllu fundum. Við erum tilbúnar til að koma á Skype fundi eða koma á fundi til ykkar, ég á eftir að heimsækja nokkrar deildir og mig langar til að ná því fyrir vorið, við sjáum til hvernig gengur með það.

Í aðventubræfi mínu urðu mér á leið mistök, ég sagði Kristínu heitna Steinarsdóttur hafa verið í Þeta deild en vissi mjög vel, að hún var í Eta deild. Bið ég formann Eta deildar, Auði Torfadóttur, velvirðingar á þessu.

Kæru formenn, að lokum, notið netsíðu okkar. Auglýsið fundina ykkar, setjið inn myndir á ykkar síður og ef einhver er búin að gleyma lykilorðinu á læstu síðurnar má snúa sér til vefstjóra eyglob@unak.is og fá sent lykilorðið. Einnig ef þið lumið á skemmtilegu efni sem hentar inn á síðuna „Frá orðum til athafna“, sendi þá vefstjóranum okkar efnið og hún mun setja það inn á síðuna.

Með kærri kveðju,

Sigríður Ragna Sigurðardóttir
Forseti landssambandsins